

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

## 1. gr.

	Kr.
Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:	
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 900,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	450,00

## 2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:	
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	1 900,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	450,00

## 3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:	
a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn .....	3 200,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn .....	450,00

## 4. gr.

Önnur gjöld eru:	
a) Innritun í vörumerkjaskrá .....	350,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá .....	250,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til .....	250,00
d) Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 .....	350,00

## 5. gr.

Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15 maí 1984 ..... 8 000,00  
Eftir eðli og umfangi máls má lækka gjaldið eða fella það niður að öllu leyti, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

## 6. gr.

Gjöld samkv. 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð. Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist við afhendingu bréfs um áfrýjun. Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki sbr. lög nr. 31/1984 og óðlast gildi 1. janúar 1985. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 789, 16. desember 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 17. desember 1984.*

F. h. r.  
**Páll Flygenring.**

Gunnar Guttormsson.